

Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun Hulduheima desember 2023.

Könnunin var send með tövupósti í Völu á alla foreldra/forráðamenn (alls 222) en mælt var til að a.m.k. annað foreldri myndi svara könnuninni (fjöldi barna alls 110). 61 aðili svaraði könnuninni og var því um helmings þátttaka. Könnunin var opin frá 11. desember og áminning sett á facebooksíður 19. desember.


Spurningarnar voru alls 14. Fyrst var spurt á hvaða deild barnið er. Það er gert til að deildarstjórar geti unnið betur úr svörum og greint betur styrkleika og veikleika á sinni deild.

2. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið fjölskyldan með leikskólann?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Mjög ánægð	34
● Frekar ánægð	24
● Hvorki né	1
● Frekar óánægð	1
● Mjög óánægð	0




Í spurningu 3 gátu svarendur lýst því hvað þeir væru ánægðir eða óánægðir með. Varðandi ánægju var mest talað um gott viðmót starfsfólks og að barninu líði vel. Varðandi óánægju voru lokanir á deildum vegna manneklu helst nefndar en einnig matarmálin eftir að grunnskólinn tók við.

4. Ef barnið þitt var að byrja í Hulduheimum á haustönn, hversu vel eða illa fannst þér aðlögun ganga?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Mjög vel	18
● Frekar vel	6
● Hvorki vel né illa	0
● Frekar illa	0
● Mjög illa	0
● Get ekki svarað/ekki viss	0
● Barnið mitt var ekki að byrja á h...	36




Í spurningu 5 höfðu svarendur tækifæri til að lýsa í nokkrum orðum hvernig þeim fannst aðlögun ganga. Flestum fannst aðlögun ganga vel en það kom sér eðlilega illa í þeim tilfellum sem leikskólabyrjun seinkaði (hafði sínar ástæður).

6. Ef barnið þitt var að flytja á milli deilda í haust, hvernig fannst þér það ganga?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Mjög vel	13
● Frekar vel	4
● Hvorki vel né illa	0
● Frekar illa	0
● Mjög illa	0
● Get ekki svarað/ekki viss	0
● Barnið mitt var ekki að flytja á m...	42




Í spurningu 7 gafst svarendum kostur á að lýsa því hvernig þeim fannst flutningur milli deilda ganga (ef börn þeirra höfðu flust milli deilda). Flestir voru á því að aðlögun hefði gengið vel og það sem helst hjálpaði var að starfsmaður af gömlu deildinni fylgdi þeim yfir í fyrstu. Eins gott að vinir fari saman yfir á eldri deild.

8. Á skalanum 1-10, hversu vel eða illa finnst þér tekið á móti barninu þínu á morgnana?

[More Details](#)

[Insights](#)

8.58
Average Rating




9. Á skalanum 1-10, hversu vel eða illa finnst þér barnið vera kvatt í lok dags?

[More Details](#)

[Insights](#)

9.03
Average Rating



10. Hvernig finnst þér upplýsingaflæði um starf deildarinnar frá deildarstjóra til heimilis?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Mjög gott	32
● Frekar gott	23
● Hvorki gott né slæmt	6
● Frekar slæmt	0
● Mjög slæmt	0



12. Telur þú þig þekki áherslur leikskólans og hvernig þar er unnið?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Þekki það mjög vel	10
● Þekki það nokkuð vel	36
● Þekki það hvorki vel né illa	11
● Þekki það ekki vel	1
● Þekki alls ekki áherslurnar	3




11. Hvernig finnst þér almennt upplýsingaflæði frá stjórnendum leikskólans til heimilis?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Mjög gott	26
● Frekar gott	25
● Hvorki gott né slæmt	9
● Frekar slæmt	1
● Mjög slæmt	0



Í spurningu 13 gafst svarendum kostur á að lýsa hvernig þeim finnst upplýsingaflæðið og hvernig mætti bæta það. Flestum finnst upplýsingaflæðið gott og sérstök ánægja með mánaðarleg fréttabréf frá deildum um það sem framundan er en mikilvægt er að þau komi í byrjun mánaðar. Tillögur um að bæta upplýsingaflæði; að setja fleiri myndir úr starfinu inn á Völuappið, bæta litadögum og öðrum uppákomum inn á skólalagatalið, föstudagspóstar frá deildarstjóra, auglýsa uppákomudaga með lengri fyrirvara, skráningar inn á Völu um mat og svefn, meiri fyrirvara ef þarf að sækja vegna mannekle.

Í spurningu 14 var spurt hvort svarendur vildu einhverja fræðslu frá leikskólanum um uppeldi eða þroska barna og ef svo, hvaða fræðslu. Af 22 svarendum voru 16 sem voru til í einhverja fræðslu t.d fræðslupunkta/ myndbönd í tölvupósti eða á fjarfundi. Tillögur um fræðslu; hvernig leikskólinn vinnur með samskipti milli barna, fræðast meira um hvaða aldur fyrir sig og upplýsingar um þroska/færni viðmið, vernd fyrir kynferðisofbeldi, fræðsla um það sem verið er að vinna með í leikskólanum, grunur um þroskafrávik og fyrstu viðbrögð, kvíði barna, svefn og mataræði.

